

Útdráttur vegna umsóknar um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en til markaðssetningar

Titill verkefnis:	Sameindaræktun á erfðabreyttu byggi - SamRækt
Dagsetning:	22.1.2024
Ábyrgðaraðili umsóknar:	Jón Már Björnsson
Fyrirtæki/leyfisumsækjandi:	ORF Líftækni
Staðsetning:	Möðruvellir, Hörgárdal, Norðurland
Útdráttur:	<p>ORF Líftækni hf hefur búið til og ræktað erfðabreytt bygg í yfir 20 ár í þeim tilgangi að nýta byggið til framleiðslu á sérvirkum próteinum sem eru svo einangruð og hreinsuð úr byggfræjunum. Erfðabreytta byggið er því eingöngu nýtt til sameindaræktunar (molecular farming) en ekki sem fæði eða fóður. ORF Líftækni sækir nú um leyfi til tilraunaræktunar á erfðabreyttu byggi á Möðruvöllum 1 í Hörgárdal þar sem tilraunastöð í landbúnaði og ræktun var lengi rekin af Landbúnaðarháskóla Íslands. Á Möðruvöllum var áður ræktað korn, en nú grænófóður og gras til nytja. Tilgangur ræktunarinnar er að kanna hvort hægt er að rækta á Íslandi þau erfðabreyttu byggirki sem ORF notar í sínum rannsóknum og framleiðslu. Sérstaklega mikilvægt er að fá samanburð á ræktuninni á mismunandi stöðum á landinu m.t.t. uppskeru og uppsöfnunnar á markpróteinum í byggfræjunum. ORF hefur framkvæmt tilraunaræktanir í Gunnarsholti og er með leyfi til ræktunar 2024-25. ORF hefur einnig framkvæmt árlega tilraunaræktanir með bygg í Kanada síðan 2013 með góðum árangri. Niðurstöður úr tilraunaræktunum í Gunnarsholti sýna að hægt er að ná góðum árangri hérlendis og er nauðsynlegt að framkvæma frekari tilraunaræktanir því til staðfestingar. Niðurstöður fyrirhugaðrar ræktunar á Möðruvöllum verða bornar saman við ræktanir í Gunnarsholti og í Kanada sem og eldri uppskerur úr gróðurhúsi ORF í Grindavík sem nú er ónýtt. ORF hefur markaðssett MESOkine sem eru vaxtarþættir úr dýrum og notaðir í ræktun á kjöti, vistkjöt. Fyrirséð er að eftirspurnin eftir vaxtarþáttum mun aukast og er ORF í lykilstöðu að geta boðið mikið magn á lægra verði en samkeppnin og er kortlagning og samanburður á ræktunarsvæðum mikilvægur liður í því.</p>